

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 2005

Nr. 221

284

11. febrúar 2005

AUGLÝSING

um skipulagsmál á Akureyri.

Breytingar á deiliskipulagi Kjarnalundar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 18. janúar 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar Kjarnalundar frá 1. apríl 2003. Meginefni breytingarinnar er að í stað kvaðar um umferð að orlofshúsabyggð kemur umferðargata í gatnakerfi bæjarins. Ennfremur er félagsheimili afmörkuð sérstök lóð sem áður var hluti af lóð Kjarnalundar.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis I.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 1. febrúar 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í því að byggingarreitur á lóðinni nr. 1 við Geislatún stækkar um 2 m til vesturs og verður 14 m á breidd í stað 12 m.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þeirra. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 11. febrúar 2005.

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 222

3. febrúar 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, Tröllateiga 10-16, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, Tröllateig 10-16, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 14. janúar 2005.

Breytingin er minniháttar á lóðarmörkum milli lóða við Tröllateig 10-16. Lóðarmörkum einstakra lóða er hliðrað til.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 3. febrúar 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.